um ráðstafanir í ferðamálum.

Flm.: Pétur Bjarnason, Guðni Ágústsson, Stefán Guðmundsson,
Jón Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir eftirfarandi ráðstöfunum í ferðamálum:

1. Stofnað verði til embætta ferðamálafulltrúa í landsbyggðarkjördæmunum, tvö stöðugildi á árinu 1988, tvö stöðugildi til viðbótar 1989 og tvö stöðugildi árið 1990.

   Laun ferðamálafulltrúa greiðast úr ríkissjóði en rekstrarkostnaður embættanna af viðkomandi ferðamálasamtökum.

   Ferðamálaráð ákveði forgangsröð starfanna.
2. Að 10% sérstöku gjaldi á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík verði ráðstafað óskertu til ferðamála samkvæmt gildandi lögum.
3. Hraðað verði endurskoðun laga um skipulag ferðamála, nr. 79/1985.

Greinargerð.

Ferðamál eru vaxandi atvinnugrein hér á landi. Í ár eru áætluð 5500 ársverk við ferðaþjónustu sem nemur um 5% af vinnuafli í landinu. Líklegt má telja að laun og tengd gjöld við ferðaþjónustu nemi 7–8% af heildarlaunagreiðslum í landinu.

Gjaldeyristekjur Íslendinga af ferðamönnum árið 1986 námu 4,6 milljörðum króna.

Ferðamálasamtök hafa verið stofnuð um allt land og hefur starf þeirra víða borið ríkulegan ávöxt, einkum þar sem ferðaþjónusta hefur þegar sannað gildi sitt í atvinnutækifærum fyrir íbúana.

Nauðsyn ber til að ráða ferðamálafulltrúa til þessara samtaka til að annast skipulag og samræmingu á ferðamálum í landinu.

Virðist eðlilegt að ríkið leggi til stuðning með launagreiðslum til þeirra, en ferðamálasamtökin annist rekstur skrifstofanna.

Ekki er í þessari tillögu gert ráð fyrir ferðamálafulltrúa í Reykjavík að svo stöddu né heldur Reykjaneskjördæmi, en þar starfa ferðamálasamtök í hluta kjördæmisins, þ.e. á Suðurnesjum.

Mætti þó vel hugsa sér að þar yrði komið upp sams konar þjónustu.

Í lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, er bundinn tekjustofn til ferðamála, 10% sérstakt gjald af vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík.

Þessi stofn hefur stöðugt verið skertur, þannig rann aðeins um þriðjungur þessa fjár á yfirstandandi ári til ferðamálaráðs og tengdra aðila.

Tölur þær, sem hér eru nefndar að ofan, sýna ljóslega að þáttur ferðaþjónustu í gjaldeyrissköpun og atvinnulífi er verulegur og því nauðsynlegt að skapa þessari atvinnugrein góð skilyrði.